



### **DOCTOR OECONOMIAE HONORIS CAUSA í viðskipta- og hagfræðideild**

Árni Vilhjálmsson lauk cand. oecon. prófi frá Háskóla Íslands 1954. Nám í þjóðhagfræði við Harvard University 1954-57, A.M. og General Oral Examination for Ph.D. þaðan 1957. Teaching fellow við Harvard University 1956-57. Gjesteassosiat við Sosialökonomisk Institutt við Oslóarháskóla veturinn 1958-59.

Hann starfaði við hagrannsóknir í Framkvæmdabanka Íslands frá júlí 1957 til ágúst 1958. Kenndi reikningshald í viðskiptadeild Háskóla Íslands 1957-58. Kenndi reikningshaldi og rekstrarhagfræði við Háskóla Íslands 1959-60. Hagrannsóknir á vegum viðskiptaráðuneytisins maí-okt. 1960. Hagfræðingur hjá Alþjóðabankanum í Washington D.C. frá des. 1960 til sept. 1961. Prófessor við viðskiptadeild Háskóla Íslands frá okt. 1961-1998. Hefur kennt á námskeiðum á vegum prófnefndar löggiltra endurskoðenda, Iðnaðarmálastofnunar Íslands, stjórnunarfræðslu iðnaðarráðuneytisins og Stjórnunarfélags Íslands um árabíl.

Ritstörf Árna Vilhjálmssonar, Fjármálastjórn fyrirtækja, útg. af Stjórnunarfélagi Íslands, 1975; Rannsókn ársreikninga, útg. af Bóksölu stúdenta, 1981, 2. útg. 1985; Um skattlagningu hlutafélaga, 1985; Þættir um fjármál fyrirtækja A, 1987, 2. útg. 1989; Þættir um fjármál fyrirtækja B, 1987; Hvernig lesa á ársreikninga fyrirtækja (ásamt Stefáni Svavarssyni), 1988. Ritgerðir og greinar um fjármál, reikningshald og stjórnun fyrirtækja í ýmsum tímaritum.

Árni Vilhjálmsson hefur frá upphafi verið formaður Hollvinafélags viðskipta- og hagfræðideildar, sem stofnað var árið 2001.

Árni Vilhjálmsson, fyrrum prófessor í viðskipta- og hagfræðideild var sæmdur heiðursdoktorsnafnbót í tilefni 60 ára afmælis deildarinnar árið 2001.